

Stykkishólmi 11. janúar 2005

## 64. FUNDUR

Skipulags og byggingarnefnd hélt fund þriðjudaginn 11. janúar 2005 kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Dagný Þórisdóttir, Þorgrímur Kristinsson, Guðmundur Kristinsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir.

Formaður setti fund og stjórnáði.

### DAGSKRÁ:

1. Jóhannes Ó. Jónsson sækir um að setja upp gervihnattadisk á Ægisgötu 6 sem var áður á húsi við Austurgötu 10.  
*Erindi samþykkt. Leyfisgjald kr. 3000.-*
2. Kristinn Bjarnason sækir um að byggja bílskúr að Laufásvegi 3 sbr. teikningar verkfræðistofu EK og umsókn dags. 3.01.05, samtals 38.2 m<sup>2</sup> og 132.1 m<sup>3</sup>  
*Erindi vísað í endurskoðun á deiliskipulagsvinnu, sérstaklega með tilliti til hæðarsetningar.*
3. Lögð fram fyrirspurn frá Ísleifi Jónssyni og Sigurbjörgu Jóhannsdóttur um að byggja sólstofu, og tengibyggingu við bílskúr og einnig endurnýjun byggingarleyfis á bílskúr samkvæmt tillöguteikningum.  
*Nefndin tekur jákvætt í framlögð gögn.*
4. Guðrún M. Ársælsdóttir og Baldur Ragnarsson sækja um að byggja einbýlishús að Hjallatanga 34 samkvæmt teikn. frá Al-Hönnun ehf. dags. 22.12.04, samtals 223.1 m<sup>2</sup> og 845.9 m<sup>3</sup>.  
*Erindi samþykkt. Leyfisgjald kr.*
5. Önnur mál.
  - A) Sumarbústaðir ehf/ Þórarinn Sighvatsson sækir um að byggja einbýlishús að Tjarnarási nr. 1 samkvæmt teikningum frá verkfræðistofu EK jan 05, samtals 151.9 m<sup>2</sup> og 546.1 m<sup>3</sup>.  
*Erindi samþykkt. Leyfisgjald kr.*
  - B) Sumarbústaðir ehf/ Þórarinn Sighvatsson sækir um að byggja einbýlishús að Tjarnarási nr. 3 samkvæmt teikningum frá verkfræðistofu EK jan 05, samtals 151.9 m<sup>2</sup> og 546.1 m<sup>3</sup>.  
*Erindi samþykkt. Leyfisgjald kr.*

- C) Sverrir Jóhannesson leggur fram fyrirspurn um byggingu á um 300m<sup>2</sup> einbýlishúsi að Laufásvegi 19, sbr. tillögu teikningar frá teiknistofu Úti Inni arkitektum. Einnig sækir hann um að aðkoma til bílgeymslu verði frá Skúlagötu samkvæmt erindi dags. 10.01.05.

*Nefndin samþykkir aðkeyrslu að bílskúr frá Skúlagötu og tekur jákvætt í tillöguteikningar.*

- D) Skipavík ehf /Sigurjón Jónsson leggur fram fyrirspurn dags. 10.01.05 á byggingu verslunarhúsnæðis við Aðalgötu, á reitum M og N á deiliskipulagi. Fyrirspurnin gerir ráð fyrir að lóðir M og N verði sameinaðar í eina lóð ásamt byggingarreitum.

*Nefndin samþykkir að sameina lóðir og byggingarreiti. Tillöguteikning samræmist ekki fyrri samþykktum að húsagerð samkvæmt deiliskipulagi.*

Dagný Þórisdóttir sat hjá undir lið 5D.

Fleira var ekki gert. Fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 19:15.

Dagný Þórisdóttir (sign)  
Þorgrímur Kristinsson (sign)  
Guðmundur kristinsson (sign)  
Gretar D. Pálsson (sign)  
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)

BVs